

Hatursáróður og þess háttar afbrot í ljósi hlutverks og heimilda lögreglu

Logi Kjartansson lögfræðingur hjá
embætti ríkislögreglustjóra

Um rætur lögreglu sem stofnunar

- Örstutt um upptök eða rætur lögreglu sem stofnunar, hlutverks hennar og valdheimilda
- Alþingi með löggjafarvaldið, hinn almenni kosningaréttur og gildandi lögreglulöggjöf ásamt sjálfsákvörðunarrétti þegnanna
- Undirstrikar að upptök lögreglu, hlutverk hennar og heimildir eru hjá fólkinu sem landið byggir
- Lögregla sækir því umboð sitt þangað
- Hefur þá frumskyldu líkt og önnur stjórnvöld að byggja ákvarðanir sínar og athafnir á lögum og stefna að þeim markmiðum sem þar birtast

Nokkrir hlutverkspættir

- Samkvæmt 1. gr. lögreglulaga nr. 90/1996 eru það m.a. hlutverk og markmið lögreglu að:
- Fyrirbyggja brot og koma í veg fyrir athafnir sem raska öryggi borgaranna og ríkisins
- Halda uppi lögum og reglu
- Stöðva ólögmæta háttsemi og fylgja málum eftir í samræmi við það sem mælt er fyrir um í lögum um meðferð sakamála
- Vernda hvers konar lögmæta starfsemi; m.a. athafnir sem njóta verndar tjáningar- og fundarfrelsisákvæða stjórnarskrár og mannréttindasáttmála Evrópu

Heimildir lögreglu til afskipta og aðgerða

- Til að geta staðið undir hlutverki sínu og náð lögboðnum markmiðum eru lögreglu fengnar tilteknar heimildir til afskipta og aðgerða:
- Helst til að telja allsherjarumboð lögreglu sem lögfest er í 15. gr. – 18. gr. LRL
- Þá þvingunarheimildir og rannsóknarúrræði sakamálalaga (SML)
- Hér má einnig nefna nýja löggjöf um nálgunarbann og brottvísun af heimili nr. 85/2011

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Hvaða úrræði hefur lögregla til að bregðast við hatursáróðri/hatursglæpum?
- Getur verið vandfetaður vegur fyrir lögreglu þegar slík háttsemi birtist sem skoðanatjáning eða hugmyndamiðlun...
- ... þar sem tjáningarfrelsið telst til grundvallarmannréttinda eins og fyrr greinir
- Viðmiðið um *augljóslega refsiverða* skoðanatjáningu/hugmyndamiðlun

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Fyrirbyggjandi lögreglustörf/forvarnir þýðingarmiklar í þessu samhengi líkt og endranær
- Lögregla þó ekki haft mikið svigrúm vegna mannafla og fjármagns til þess að sinna forvarnarstörfum varðandi hatursbrot og kynþáttafordóma
- Ábendingar frá almenningi eða hugsanlegum þolendum því ákveðið undirstöðuatriði fyrir lögreglu
- Forvarnir lögreglu gætu annars falist í almennum eða sértækum umræðum eða áróðri – ávallt í því skyni að koma í veg fyrir brot eða ógnir af þessum toga
- Samstarf við aðrar stofnanir og samtök

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Í samræmi við það hlutverk lögreglu að stöðva ólögmeta háttsemi er lögreglu m.a. heimilt að hafa afskipti í því skyni að stöðva afbrot samkvæmt 15. gr. LRL
- Þegar um er að tefla skoðanatjáningu eða hugmyndamiðlun má almennt álíta það mikilvægt viðmið...
- ...að tilvik beri með sér *augljóslega* refsiverðan verknað eigi inn grip lögreglu að teljast réttmæt

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Gæti t.d. komið upp við fjöldamótmæli – skilaboð á skiltum eða borðum sem fælu í sér augljóst brot gegn til að mynda 233. gr. a. HGL
- Þá mætti almennt telja viðbragðsskyldu lögreglu um að stöðva brot virkjast
- Í ljósi heimildar 15. gr. LRL til að *stöðva afbrot* vandast málið hins vegar enn frekar...
- ...þegar komið er af strætum og torgum mannheima og inn á rafeindabrautir netheima
- Bæði tæknilega og lagalega

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Tæknilega hefur lögregla ein og sér mjög takmarkaða möguleika til þess að stöðva afbrot sem fólgin eru í birtingu ritefnis á netsíðum
- Fjarskiptafyrirtæki eða fjölmiðlar eru þar milliliðir sem lögregla er þá yfirleitt háð
- Lagalega eru fyrrnefndar valdheimildir lögreglu hvorki skýrar né sérgreindar
- Málefni fjarskiptafyrirtækja og fjölmiðla heyra og undir valdsvið annarra stofnana lögum samkvæmt (Póst- og fjar. og fjölmiðlanefnd)

Um úrræði og heimildir lögreglu

- Að því verður einnig að gæta að athafnir lögreglu á netinu fari ekki í bága við ritskoðunarbann 73. gr. stjórnarskrárinnar:
- Felur í sér bann við yfirlestri stjórnvalds í því skyni að meta hvort rit megi birta (svonefnd undanfarandi tálmun gagnvart tjáningarfrelsi)
- Lögregla má ekki láta leiðast í slíkan farveg þótt henni beri að halda uppi lögum og reglu (eftirlit með almennri löghlýðni)
- Eftirlit með löghlýðni og ritefni á netinu orðið nokkuð sérgreint

Um hlutverk og heimildir lögreglu

- Heimildir og reglur sakamálalaga nr. 88/2008 koma síðan til þegar lögreglu ákveður rannsókn máls
- Meðferð sakamáls hjá lögreglu má virða í ljósi eftirfarandi meginþátta:
- Móttöku tilkynningar um meintan refsiverðan verknað eða stöðvun brots sem lögregla stendur manni að
- Rannsókn meints brots þar sem grunntónninn er sá að upplýsa sannleikann
- Saksókn og þá endanlegan dóm eða þá málalok hjá lögreglu sjálfri (s.s. sektarákvörðun eða sáttamiðlun)
- Fullnustu þeirra viðurlaga sem ákveðin eru

Um heimildir og úrræði sakamála

- Maður þarf almennt ekki að vera brotþoli í skilningi sakamála til þess að geta tilkynnt lögreglu um refsiverðan verknað
- Rannsókn vissra brota er þó háð kröfu brotþola sbr. 52. gr. SML
- Skrifleg og nafnlaus ærumeiðing dæmi um þess háttar brot
- Um heimildir eða úrræði lögreglu til að rannsaka mál sem telja má til hatursbrota (sérhvert afbrot þar sem fórnarlamb, aðili eða brotavettvangur er valinn vegna tengsla við tiltekinn hóp)
- *Rannsóknir á samskiptum manna*; einkum símhlerun, fjarskipta – eða samtalsupptökur og tölvuskeytaskoðun
- Þó eitt frumskilyrði að meint brot varði átta ára fangelsi að lágmarki og skipti miklu fyrir rannsókn máls
- Eða að ríkir almanna- eða einkahagsmunir séu í húfi
- Sbr. 81 .gr. – 85. gr. SML í þessu samhengi
- Hefðbundin rannsóknarúrræði og þvingunarráðstafanir

Um lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili

- Samkvæmt þeim lögum er lögreglu m.a. annars heimilt að leggja við því bann...
- ...að maður komi á tiltekinn stað eða svæði, heimsæki eða með öðru móti setji sig í samband við annan mann
- ...ef fyrirbyggjandi hættu er á að hann muni fremja afbrot gegn honum eða raska á annan hátt friði hans
- Ýmiss konar einelti eða ofsóknir eða fyrirbyggjandi hættu á slíku (t.d. í gegnum síma, tölvu eða með öðru móti) getur því verið raunhæf ástæða nálgunarbanns
- Ákvörðun lögreglu um nálgunarbann getur ýmist verið eftir beiðni þolanda eða að frumkvæði lögreglu
- Ákvörðun lögreglu um nálgunarbann háð staðfestingu dómara sem fyrst og eigi síðar en innan þriggja sólarhringa

Um lög um nálgunarbann og brottvísun af heimili

- Eftir efni og orðalagi laganna er ljóst að nálgunarbann getur reynst þýðingarmikið úrræði til að bregðast við hættu á refsiverðum verknuðum sem telja má til hatursbrota
- Nálgunarbannsheimildin rúmar bann við ýmsum athöfnum eins og til að mynda símhringingum, SMS boðum, tölvuskeytum eða líkamlegri nálgun
- Sjá í því sambandi dóm frá Danmörku **U 1996:1087**
- Þar taldist maður hafa brotið gegn nálgunarbanni lögreglu með því að senda fyrrverandi kærustu sinni kveðju í gegnum óskalagapátt tiltekinnar útvarpsstöðvar...
- ...með laginu Ain't no cure for love eftir Leonard Cohen
- Skilyrði refsíabýrgðar vegna brots gegn nálgunarbanni og mikilvægi skýrleika ákvörðunar um nálgunarbann

Er þörf á lagabótum?

Þá með tilliti til hversu erfitt það er tæknilega fyrir lögreglu að stöðva refsiverða verknaði á borð við haturs- og kynþáttabrot á netinu eða öðrum fjölmiðlum

- Sjónarmið að baki ritskoðunarbanni og tjáningarfrelsi 73. gr. stjórnarskrár og almennar kröfur um skýrleika lagaheimilda hljóta að mæla þar með
- Er eðlilegt að lögregla sé háð milligöngu einkaaðila á fjarskipta- og fjölmiðlamarkaði við þau skyldustörf að stöðva afbrot?
- Grundvallarreglan að það er lögregla sem hefur einkarétt á beitingu lögregluvalds
- Réttaröryggi og öflun dómsúrskurðar